

Könnun á þörf fyrir ökukennara

Unnið fyrir Ökukennarafélag Íslands

Apríl 2013



YFIRLIT FRAMKVÆMDAR

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Ökukennarafélag Íslands
Markmið rannsóknar	Að meta þörf fyrir ökukennara á landsvísu
Rannsóknaraðferð	Netkönnun
Rannsóknartímabil	21. mars til 9. apríl 2013
Dagsetning skýrsluskila	Maí 2013

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Höfundar	Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

- Mikill meirihluti ökukennara kennir á fólksbifreið (B), eða um 97% kennara, en um 60% stunda kennslu í fleiri en einni grein, t.d. bóklegri kennslu, kennslu á bifhjól eða á samtengd ökutæki í flokki B E.
- Um helmingur ökukennara hefur áhuga á sérhæfingu. Flestir hafa áhuga á vistakstri (32%), bifhjólakennslu (29%), bóklegri kennslu (29%) og kennslu og þjálfun fatlaðs fólks (26%). Það voru 24% sem hafa áhuga á aukinni verklegri ökukennslu og kennslu í ökugerði.
- Ökukennarar sem svöruðu könnuninni skila af sér um 30 nemendum (bílpróf B) að meðaltali á ári. Það er mjög mismunandi hversu marga nema kennarar taka að sér á ári, eða allt frá 2-100.
- Að meðaltali kenna ökukennarar 17,8 klst. á viku. Kennarar í yngsta aldurshópnum kenna flestar stundir. Meira en helmingur kennara er sáttur með vinnutímann og er að vinna 34 klst. að meðaltali. Stór hópur kennara eða 36% þeirra vill auka við sig vinnu en þeir eru að vinna 15 klst. að meðaltali á viku. Um 10% kennara vilja minnka við sig vinnu og eru þeir að vinna 33 klst. að meðaltali á viku.
- Ökukennarar sem hafa útskrifast síðustu ár eru hlutfallslega fáir sem stunda ökukennslu í aðalstarfi, aðeins 11% ökukennara sem útskrifuðust 2010 eru í aðalstarfi og 33% ökukennara sem útskrifuðust árið 2006. Yfir helmingur ökukennara sem útskrifaðist árið 1998 stundar ökukennslu í aðalstarfi og 37% kennara sem útskrifuðust árið 1988 eða fyrr.
- Almennt telja ökukennarar að ökukennsla sé góð á Íslandi eða 84% svarenda. Um 37% telja að gæði yrðu meiri ef kennarar sinntu mörgum nemendum á ári heldur en fáum nemendum á ári.
- Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu hafa ökukennarar verið að skila af sér 24-30 nemum á ári frá árinu 2004. Síðustu árin hefur nemum á kennara fækkað og árið 2012 voru þeir 24. Starfandi ökukennarar eru nú 202 talsins..

EFNISYFIRLIT

Töflur	1
Myndir	2
Framkvæmd og heimtur.....	3
bakgrunnur ökukennara.....	4
Kennsluréttindi.....	7
Hvers konar ökukennsla er stunduð?.....	8
Fjöldi nemenda á kennara.....	9
Áhugi á sérhæfingu meðal ökukennara	12
Vinnutími ökukennara.....	13
Nýir ökukennarar.....	16
Viðhorf til ökukennslu á Íslandi	17
Ökukennarafélag Íslands	19
Aðrar athugasemdir	19
Þörf fyrir ökukennara	22
Samanburður við önnur lönd	26

TÖFLUR

TAFLA 1. FRAMKVÆMD KÖNNUNAR.....	3
TAFLA 2. ALDUR STARFANDI ÖKUKENNARA, GREINDUR EFTIR BÚSETU OG STARFI.....	4
TAFLA 3. BÚSETA STARFANDI ÖKUKENNARA GREIND EFTIR ALDRI OG STARFI.	5
TAFLA 4. HLUTFALL ÖKUKENNARA SEM STUNDA ÖKUKENNSLU SEM AÐAL- EÐA AUKASTARF , GREINT EFTIR ALDRI OG BÚSETU.*.....	6
TAFLA 5. FJÖLDI OG HLUTFALL KENNARA EFTIR KENNSLURÉTTINDUM (N=159)	7
TAFLA 6. KENNSLURÉTTINDI ÖKUKENNARA, GREIND EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI (N=159)	7
TAFLA 7. FJÖLDI OG HLUTFALL KENNARA EFTIR ÞVÍ HVÆÐA ÖKUKENNSLU ÞEIR STUNDA (N=159)	8
TAFLA 8. TEGUND ÖKUKENNSLU, GREIND EFTIR ALDRI BÚSETU OG STARFI (N=159)	8
TAFLA 9. MEÐALFJÖLDI ÖKUNEMA Á FÓLKSBIFREIÐ (B) Á KENNARA Á ÁRI, GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI	9
TAFLA 10. MEÐALFJÖLDI ÖKUNEMA Á BIFHJÓL (A) Á KENNARA Á ÁRI, GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI. (N=28)	10
TAFLA 11. MEÐALFJÖLDI ÖKUNEMA Í AUKNUM ÖKURÉTTINDUM (C D E) Á KENNARA Á ÁRI, GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI* (N=20).....	11
TAFLA 12. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ BÆTA VIÐ ÞIG SÉRHFÆINGU Í ÖKUKENNSLU? (N=130)	12
TAFLA 13. HVERS KONAR SÉRHFÆINGU Í ÖKUKENNSLU HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á? (N=66)	12
TAFLA 14. HVERS KONAR SÉRHFÆINGU Í ÖKUKENNSLU HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á? GREINT EFTIR BÚSETU OG STARFI (N=66)	13
TAFLA 15. HVERSU MARGAR KLUKKUSTUNDIR VINNUR ÞÚ Á VIKU AÐ JAFNAÐI VIÐ KENNSLU, UNDIRBÚNING OG FRÁGANG? (N=141)?	13
TAFLA 16. MYNDIR ÞÚ VILJA VINNA FLEIRI EÐA FÆRRI KLST. Á VIKU VIÐ ÖKUKENNSLU? (N=132)	14
TAFLA 17. MYNDIR ÞÚ VILJA VINNA FLEIRI EÐA FÆRRI KLST. Á VIKU VIÐ ÖKUKENNSLU? GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI. (N=132)	14
TAFLA 18. ÓSKAFJÖLDI VINNUSTUNDA, AÐ MEÐALTALI, HJÁ ÖKUKENNURUM SEM VILJA VINNA FLEIRI KLST. Á VIKU. (N=44)	15
TAFLA 19. ÓSKAFJÖLDI VINNUSTUNDA, AÐ MEÐALTALI, HJÁ ÖKUKENNURUM SEM VILJA VINNA FÆRRI STUNDIR Á VIKU* (N=10)	15
TAFLA 20. HLUTFALL ÖKUKENNARA EFTIR ÚTSKRIFTARÁRI. (N=151)	16
TAFLA 21. TELUR ÞÚ AÐ ÖKUKENNSLA Á ÍSLANDI SÉ ALMENNT GÓÐ EÐA LÉLEG? (N=154)	17
TAFLA 22. TELUR ÞÚ AÐ ÖKUKENNSLA Á ÍSLANDI SÉ ALMENNT GÓÐ EÐA LÉLEG? GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI. (N=154)	17
TAFLA 23. TELUR ÞÚ AÐ GÆÐI ÖKUKENNSLU SÉU AÐ ÖLLU JÖFNU MEIRI EÐA MINNI EF ÖKUKENNARI SINNI MÖRGUM NEMENDUM Á ÁRI HELDUR EN FÁUM NEMENDUM Á ÁRI? (N=144)	18
TAFLA 24. TELUR ÞÚ AÐ GÆÐI ÖKUKENNSLU SÉU AÐ ÖLLU JÖFNU MEIRI EÐA MINNI EF ÖKUKENNARI SINNI MÖRGUM NEMENDUM Á ÁRI HELDUR EN FÁUM NEMENDUM Á ÁRI? GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI. (N=144)	18
TAFLA 25. ERT ÞÚ Í ÖKUKENNARAFÉLAGI ÍSLANDS?	19
TAFLA 26. ERT ÞÚ Í ÖKUKENNARAFÉLAGI ÍSLANDS? GREINT EFTIR ALDRI, BÚSETU OG STARFI	19
TAFLA 27. AÐRAR ATHUGASEMDIR.....	20
TAFLA 28. SAMANBURÐUR Á FJÖLDA ÖKUKENNARA OG FJÖLDA BÍLPRÓFA EFTIR LÖNDUM ÁRIÐ 2011.....	26

MYNDIR

MYND 1. HLUTFALL ÖKUKENNARA EFTIR ALDRI.	4
MYND 2. HLUTFALL ÖKUKENNARA SEM STUNDA ÖKUKENNSLU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI OG LANDSBYGGÐ.	5
MYND 3. HLUTFALL ÖKUKENNARA SEM STUNDA ÖKUKENNSLU SEM AÐAL- EÐA AUKASTARF.	6
MYND 4. FJÖLDI NEMENDA Á ÁRI Á ÖKUKENNARA – BÍLPRÓF (B)	9
MYND 5. FJÖLDI NEMENDA Á ÁRI Á ÖKUKENNARA – BIFHJÓL (A)	10
MYND 6. FJÖLDI NEMENDA Á ÁRI Á ÖKUKENNARA – AUKIN ÖKURÉTTINDI (C D E)	11
MYND 7. HLUTFALL ÖKUKENNARA SEM ÚTSKRIFAST ÁR HVERT EFTIR ÞVÍ HVORT ÞEIR STUNDA ÖKUKENNSLU Í AÐAL- EÐA AUKASTARFI (N=151)	16
MYND 8. STAÐIN BIFREIÐAPRÓF Á ÁRUNUM 1998 TIL 2012 OG SPÁ UM STAÐIN BIFREIÐAPRÓF Á ÁRUNUM 2013 TIL 2029.	22
MYND 9. FJÖLDI ÖKUKENNARA EFTIR ÞVÍ HVERSU MARGA NEMENDUR ÞEIR TAKA AÐ SÉR Á ÁRI	23
MYND 10. HLUTFALL ÖKUKENNARA EFTIR ALDRI ÁRIÐ 2012	23
MYND 11. FJÖLDI ÖKUKENNARA Á ALDRINUM 70 ÁRA EÐA YNGRI Á ÁRUNUM 2013 -2029 MIÐAÐ VIÐ HVERSU NEMENDUR ÞEIR TAKA AÐ SÉR Á ÁRI	24
MYND 12. FJÖLDI NEMENDA Á HVERN KENNARA Á ÁRUNUM 2004 TIL 2012 EFTIR ÚTSKRIFTARÁRGANGI.	25

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Skýrslan var unnin fyrir Ökukennarafélag Íslands til að kanna vinnuaðstæður, áhuga á sérhæfingu og hvort nægilegt framboð væri af verkefnum fyrir starfandi ökukennara. Annars vegar var send út könnun á ökukennara og hins vegar var upplýsingum um fjölda ökukennara og ökuþróa síðustu ár safnað frá Umferðarstofu og fyrir árið 2011 hjá sambærilegum stofnunum erlendis.

Þýðið sem könnunin tók til samanstóð af öllum ökukennurum á landinu samkvæmt lista frá Umferðarstofu, alls 202 ökukennarar.

Spurningalisti var hannaður til að leggja mat á hvers konar kennslu ökukennarar leggja stunda á, fjölda nemenda sem þeir taka að sér, áhuga á sérhæfingu og viðhorf til ökukennslu.

Þann 21. mars var könnunin send með tölvupósti á alla ökukennara ásamt upplýsingum um tilgang könnunarinnar. Þar var tekið fram hvernig farið yrði með upplýsingar og að svarendum væri ekki skylt að taka þátt í könnuninni. Eins fengu þátttakendur upplýsingar um hvert þeir gætu snúið sér ef einhverjar spurningar vöknðu. Netkönnuninni var fylgt eftir með tveimur ítrekunum í gegnum netpóst. Síðasta svarið barst þann 9. apríl.

Alls fengust svör frá 174 einstaklingum og var svarhlutfall um 86%. Af þáttakendum sem svöruðu sögðust 159 starfa sem ökukennarar um þessar mundir eða 92%. Í niðurstöðum hér á eftir eru aðeins birt svör frá starfandi ökukennurum þar sem að fyrst og fremst er verið að skoða vinnuaðstæður, áhuga á sérhæfingu og hvort nægilegt framboð sé af verkefnum fyrir starfandi ökukennara.

Tafla 1. Framkvæmd könnunar

Uppplýsingasöfnun	
Uppplýsingasöfnun	21. mars til 9. apríl 2013
Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Fjöldi í þýði	202
Fjöldi svarenda	174
Svarhlutfall	86%


Niðurstöður hvernar spurningar í könnuninni eru birtar og eftir því sem við á eru settar fram tíðnitöflur, bakgrunnstöflur og myndir. Í tíðnitöflum er sýnt með fjöldatölum og hlutfallstölum hver er dreifing svara við spurningunum. Bakgrunnstöflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir aldri, búsetu og hvort viðkomandi stundi ökukennslu í aðal- eða aukastarfi. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Í lok könnunarinnar var svarendum gefinn kostur á að koma fram með aðrar athugasemdir. Athugasemdirnar voru bútaðar niður og flokkaðar eftir innihaldi. Í töflu 27 má svo sjá fjölda athugasemda eftir innihaldi og dæmi um slíkar athugasemdir.

BAKGRUNNUR ÖKUKENNARA

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfall svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir. Bakgrunnsbreyturnar voru alls þrjár: aldur, búseta og hvort svarandi stundar ökukennslu sem aðal- eða aukastarf.

Meðalaldur ökukennara er 56 ár, en aldur starfandi kennara er á bilinu 30 til 74 ár. Meira en helmingur ökukennara (57%) eru á aldrinum 50-67 ára, 28% þeirra eru á aldrinum 30-49 ára og 15% þeirra eru eldri en 67 ára (sjá mynd 1 og töflu 2).




Mynd 1. Hlutfall ökukennara eftir aldri.

Tafla 2. Aldur starfandi ökukennara, greindur eftir búsetu og starfi.

	30-49 ára	50-67 ára	68 ára og eldri	Fjöldi	Meðalaldur
Alls	28%	57%	15%	159	56
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	22%	60%	18%	82	57
Landsbyggð	34%	55%	12%	77	54
Starf					
Aðalstarf	29%	47%	24%	49	58
Aukastarf	28%	61%	11%	107	55

Rétt rúmur helmingur ökukennara stundar ökukennslu á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd 2). Hlutfallslega fleiri ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu stunda ökukennslu sem aðalstarf eða 61% samanborið við 39% ökukennara á landsbyggðinni (sjá töflu 3). Yfir 60% ökukennara sem eru 68 ára og eldri búa á höfuðborgarsvæðinu og um 69% ökukennara á aldrinum 30-49 ára búa á landsbyggðinni.




Mynd 2. Hlutfall ökukennara sem stunda ökukennslu á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Tafla 3. Búseta starfandi ökukennara greind eftir aldri og starfi.

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Fjöldi	Höfuðborgarsvæði
Alls	52%	48%	159	52%
Aldur				
30-49 ára	41%	59%	44	41%
50-67 ára	54%	46%	91	54%
68 ára og eldri	63%	38%	24	63%
Starf				
Aðalstarf	61%	39%	49	61%
Aukastarf	48%	52%	107	48%

0% 25% 50% 75% 100%

Tæplega þriðjungur ökukennara stundar ökukennslu sem aðalstarf (sjá mynd 3). Hlutfallslega fleiri ökukennarar stunda ökukennslu sem aðalstarf á höfuðborgarsvæðinu eða 37% samanborið við 25% ökukennara á landsbyggðinni (sjá töflu 4). Helmingur ökukennara, sem eru 68 ára og eldri, stundar ökukennslu í aðalstarfi en hið sama á við um 32% ökukennara á aldrinum 30-49 ára og aðeins 26% ökukennara á aldrinum 50-67 ára.



Mynd 3. Hlutfall ökukennara sem stunda ökukennslu sem aðal- eða aukastarf.

Tafla 4. Hlutfall ökukennara sem stunda ökukennslu sem aðal- eða aukastarf, greint eftir aldri og búsetu.*

	Aðalstarf	Aukastarf	Fjöldi	Aðalstarf
Alls	31%	69%	156	31%
Aldur				
30-49 ára	32%	68%	44	32%
50-67 ára	26%	74%	88	26%
68 ára og eldri	50%	50%	24	50%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	37%	63%	81	37%
Landsbyggð	25%	75%	75	25%

* Þrír svarendur svöruðu ekki spurningu um starf.

0% 25% 50% 75% 100%

KENNSLURÉTTINDI

Rúmlega helmingur ökukennara er með kennsluréttindi til að kenna á samtengd ökutæki í flokki B E þar sem dráttartæki er í flokki B og um helmingur þeirra er með réttindi til að kenna til aukinna ökuréttinda (C D E) (sjá töflu 5). Eins og sést í töflu 6 eru hlutfallslega fleiri ökukennarar sem stunda ökukennslu í aðalstarfi (67%) sem hafa réttindi til að kenna á samtengd ökutæki (B E) heldur en ökukennarar sem stunda ökukennslu í aukastarfi (49%). Yfir helmingur kennara í aukastarfi hafa réttindi til að kenna til aukinna ökuréttinda (C D E) samanborið við 39% kennara í aðalstarfi.

Hlutfallslega fleiri ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu (30%) hafa réttindi til að kenna vistakstur samanborið við kennara á landsbyggðinni (17%), eins hafa hlutfallslega fleiri ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu réttindi til að kenna í ökugerði (26%) samanborið við ökukennara úti á landi (19%).

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall kennara eftir kennsluréttindum (n=159)

	Fjöldi	Hlutfall	
Bilpróf (B)	159	100,0%	
Bilpróf (B E)	86	54,1%	
Aukin ökuréttindi (C D E)	80	50,3%	
Bifhjól (A)	56	35,2%	
Vistakstur (Ecodriv ing)	38	23,9%	
Kennsla í ökugerði	36	22,6%	

Tafla 6. Kennsluréttindi ökukennara, greind eftir aldri, búsetu og starfi (n=159)


	Bilpróf (B)	Bilpróf (BE)	Aukin ökuréttindi (C D E)	Bifhjól (A)	Vistakstur (EcoDriv ing)	Kennsla í ökugerði	Fjöldi
Starfandi ökukennarar							
Alls	100%	54%	50%	35%	24%	23%	159
Aldur							
30-49 ára	100%	39%	68%	36%	16%	30%	44
50-67 ára	100%	54%	47%	33%	29%	20%	91
68 ára og eldri	100%	83%	25%	42%	21%	21%	24
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	100%	57%	46%	37%	30%	26%	82
Landsbyggð	100%	51%	53%	34%	17%	19%	77
Starf							
Aðalstarf	100%	67%	39%	53%	43%	43%	49
Aukastarf	100%	49%	54%	27%	14%	12%	107

HVERS KONAR ÖKUKENNSLA ER STUNDUÐ?

Næstum allir starfandi ökukennarar sem svöruðu könnuninni kenna á fólksbifreið (B), rúmlega 40% ökukennara stunda bóklega kennslu og um 25% kenna á bifhjól (sjá töflu 7).

Rúmlega 40% kennara merktu við að þeir stunduðu eina tegund kennslu og þá í nær öllum tilfellum að kenna til bílprófs (B), um 24% ökukennara merktu við að þeir stunduðu tvær tegundir kennslu, um 13% merktu við þrjár tegundir kennslu og um 8% við fjórar tegundir kennslu. Um 13% ökukennara merktu við að þeir stunduðu fimm til níu tegundir kennslu.

Tafla 7. Fjöldi og hlutfall kennara eftir því hvaða ökukennslu þeir stunda (n=159)



Um helmingur ökukennara á landsbyggðinni stundar bóklega kennslu samanborið við 30% ökukennara á höfuðborgarsvæðinu. Einnig stunda 55% ökukennara í aðalstarfi bóklega kennslu samanborið við 34% kennara í aukastarfi. Fjórðungur kennara á landsbyggðinni kenna á samtengd ökutæki í flokki B E en aðeins 10% kennara á höfuðborgarsvæðinu. Algengara er að kennarar í aðalstarfi (29%) stundi slíka kennslu heldur en kennarar í aukakennslu (11%) (sjá töflu 8).

Tafla 8. Tegund ökukennslu, greind eftir aldri búsetu og starfi (n=159)

	Bílpróf (B)	Bókleg kennsla	Bifhjól (A)	Bílpróf (BE)	Aukin ökuréttindi v eklegt (C D E)	Aukin ökuréttindi bóklegt (C D E)	Kennsla í ökugerði (Ö3)	Vistakstur (Eco Driving)	Sérstakt námskeið	Kennsla og þjálfun fatlaðra	Fjöldi
Starfandi ökukennarar											
Alls	97%	41%	25%	17%	14%	12%	11%	9%	8%	6%	159
Aldur											
30-49 ára	93%	43%	32%	16%	18%	80%	20%	9%	11%	2%	44
50-67 ára	100%	45%	23%	20%	13%	90%	8%	11%	7%	8%	91
68 ára og eldri	96%	21%	17%	8%	13%	96%	4%	4%	4%	8%	24
Búseta											
Höfuðborgarsvæði	98%	30%	21%	10%	11%	94%	11%	13%	7%	7%	82
Landsbyggð	97%	52%	29%	25%	18%	82%	10%	5%	8%	5%	77
Starf											
Aðalstarf	98%	55%	37%	29%	27%	82%	29%	22%	16%	16%	49
Aukastarf	97%	34%	20%	11%	9%	91%	2%	3%	3%	2%	107


FJÖLDI NEMENDA Á KENNARA

Þegar kennarar voru spurðir hversu marga nemendur þeir tækju að sér á ári svöruðu 128 kennarar af 155 sem kenna á fólksbifreið (B). Að meðaltali tóku þessir kennarar að sér 31 nemanda á ári en dreifing var mikil, allt frá 2 nemendum á ári upp í 100 nemendur (sjá töflu 9). Talsverður munur var á nemendafjölda ökukennara sem hafa ökukennslu sem aðalstarf og kennara sem hafa ökukennslu sem aukastarf. Ökukennarar sem hafa ökukennslu sem aðalstarf taka að sér 51 nemanda á ári að meðaltali á meðan kennarar í aukastarfi taka að sér 21 nemanda á ári. Einnig var munur eftir aldri en ökukennarar á aldrinum 30-49 ára taka að sér 34 nema á ári að meðaltali en kennarar 68 ára og eldri taka að sér 29 nema.

Tafla 9. Meðalfjöldi ökunema á fólksbifreið (B) á kennara á ári, greint eftir aldri, búsetu og starfi

	Meðalfjöldi ökunema á ári	Staðalfrávik	Min	Max
Fólksbifreið (n=128)	31	22,3	2	100
Aldur				
30-49 ára (n=33)	34	24,7	4	100
50-67 ára (n=77)	30	21,5	2	100
68 ára og eldri (n=18)	29	21,5	8	100
Búseta				
Höfuðborgarsvæði (n=68)	33	25,4	2	100
Landsbyggð (n=60)	28	17,8	2	80
Starf				
Aðalstarf (n=40)	51	25,8	15	100
Aukastarf (n=88)	21	12,4	2	55

Eins og sést á mynd 4 var algengast að kennarar tækju að sér 11-20 nema á ári en 43 kennarar sögðu að nemendafjöldi sem þeir tækju að sér væri á því bili.




Mynd 4. Fjöldi nemenda á ári á ökukennara – Bílpróf (B)

Alls tiltóku 28 ökukennarar af 39 sem stunda bifhjólakennslu (72% af þeim sem svöruðu) hversu marga nema þeir taka að sér á ári. Bifhjólakennarar taka að sér 23 nema að meðaltali en dreifingin var mikil eða allt frá 2 til 150 nemum á ári. Mikill munur er á nemafjölda eftir því hvort kennari stundar ökukennslu sem aðal- eða aukastarf. Ökukennarar í aðalstarfi taka að sér 38 nema á ári á meðan kennarar í aukastarfi taka að sér 8 nema að meðaltali á ári. Ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu taka að sér 29 nema að meðaltali á ári á meðan kennarar á landbyggðinni taka að sér 18 nema á ári.

Tafla 10. Meðalfjöldi ökunema á bifhjól (A) á kennara á ári, greint eftir aldri, búsetu og starfi. (n=28)

	Meðalfjöldi			
	ökunema á ári	Staðalfrávik	Min	Max
Bifhjól (n=28)	23	31,8	2	150
Aldur				
30-49 ára (n=10)	43	46,4	5	150
50-67 ára (n=16)	9	6,9	2	20
68 ára og eldri (n=2)	30	0,0	30	30
Búseta				
Höfuðborgarsvæði (n=12)	29	40,1	2	150
Landsbyggð (n=16)	18	24,2	2	100
Starf				
Aðalstarf (n=14)	38	39,4	2	150
Aukastarf (n=14)	8	5,3	2	20

Algengast er að kennarar taki að sér 2-20 bifhjólánema á ári en 20 kennarar af 28 sem sögðu til um nemendafjölda tiltóku þann nemendafjölda. Tveir kennarar eru með mun fleiri nemendur, annar er með á bilinu 91-100 og hinn á bilinu 141 -150 og hifa þeir þar með meðaltalið upp (sjá mynd 5). Meðalfjöldi bifhjólánemenda á kennara er 15 ef meðaltal er skoðað án þessara tveggja kennara.



Mynd 5. Fjöldi nemenda á ári á ökukennara – Bifhjól (A)

Alls tiltók 21 ökukennari af 23 sem stunda kennslu til aukinna ökuréttinda (91% af þeim sem svöruðu) hversu mörgum nemum þeir kenna á ári. Í töflu 11 má sjá að kennarar kenna 35 nemendum að meðaltali á ári og var dreifingin frá 2 til 100 nemum á ári. Lítil munur er á nema fjölda eftir því hvort að kennari stundar ökukennslu sem aðal- eða aukastarf. Ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu kenna 47 nemum að meðaltali á ári á meðan kennarar á landsbyggðinni kenna 31 nema á ári.


Tafla 11. Meðalfjöldi ökunema í auknum ökuréttindum (C D E) á kennara á ári, greint eftir aldri, búsetu og starfi* (n=20)

	Meðalfjöldi ökunema á ári	Staðalfrávik	Min	Max
Aukin ökuréttindi (n=20)	37	31,1	4	100
Búseta				
Höfuðborgarsvæði (n=8)	47	41,3	5	100
Landsbyggð (n=13)	31	24,2	4	100
Starf				
Aðalstarf (n=12)	39	33,0	5	100
Aukastarf (n=9)	35	30,5	4	100

*Of fáir til þess að hægt sé að greina eftir aldri

**Einn þátttakandi tiltók 300 nema á ári og er ekki hafður með í þessum útreikningum

Algengast er að kennarar taki að sér 21-30 nema á ári en 6 kennarar af 20 sem sögðu til um nemendafjölda tiltóku þann nemendafjölda.



Mynd 6. Fjöldi nemenda á ári á ökukennara – Aukin ökuréttindi (C D E)

ÁHUGI Á SÉRHFÆINGU MEÐAL ÖKUKENNARA

Þegar ökukennarar voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að bæta við sig sérhæfingu í ökukennslu var um helmingur þeirra sem tók afstöðu sem hafði áhuga á að bæta við sig sérhæfingu (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hefur þú áhuga á að bæta við þig sérhæfingu í ökukennslu? (n=130)

	Fjöldi	Hlutfall	
Já	66	51%	
Nei	64	49%	
Fjöldi svara	130	100%	
Veit ekki/Vil ekki svara	29		
Alls	159		

Af þeim 66 ökukennurum sem höfðu áhuga á sérhæfingu var algengast að ökukennarar hefðu áhuga á sérhæfingu í vistakstri (32%), bóklegri kennslu (29%) og kennslu á bifhjól (29%) (sjá töflu 13). Þegar áhugi á sérhæfingu er skoðaður eftir bakgrunni sést að hlutfallslega fleiri ökukennarar á landsbyggðinni hafa áhuga á vistakstri, kennslu í ökugerði, sérstöku námskeiði, og kennslu á samtengd ökutæki (B E) heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hafa hlutfallslega fleiri ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu áhuga á bóklegri kennslu og kennslu til aukinna ökuréttinda (sjá töflu 14).

Tafla 13. Hvers konar sérhæfingu í ökukennslu hefur þú áhuga á? (n=66)

	Fjöldi	Hlutfall	
Vistakstur (Ecodriving)	21	32%	
Bifhjól (A)	19	29%	
Bókleg kennsla	19	29%	
Kennsla og þjálfun fatlaðra	17	26%	
Aukin ökuréttindi, v eklegt (C D E)	16	24%	
Kennsla í ökugerði	16	24%	
Sérstakt námskeið	13	20%	
Bilpróf (B E)	12	18%	
Aukin ökuréttindi, bóklegt (C D E)	12	18%	
Annað*	2	3%	

* Kennsla nemenda með námsörðuleika, v inna með öldruðum

Tafla 14. Hvers konar sérhæfingu í ökokennslu hefur þú áhuga á? Greint eftir búsetu og starfi (n=66)

	Vistakstur (EcoDriving)	Bífhjól (A)	Bókleg kennsla	Kennsla og þjálfun fattaðra	Aukin ökuréttindi verklegt (C D E)	Kennsla í ökugerði (Ö3)	Sérstakt námskeið	Bílpróf (BE)	Aukin ökuréttindi bóklegt (C D E)	Annað	Fjöldi
Alls	32%	29%	29%	26%	24%	24%	20%	18%	18%	6%	66
Aldur											
30-49 ára	48%	43%	29%	19%	29%	24%	10%	19%	81%	14%	21
50-67 ára	21%	19%	26%	31%	24%	26%	24%	17%	81%	2%	42
68 ára og eldri	67%	67%	67%	0%	0%	0%	33%	33%	100%	0%	3
Búseta											
Höfuðborgarsvæði	24%	27%	35%	24%	30%	16%	16%	14%	81%	5%	37
Landsbyggð	41%	31%	21%	28%	17%	34%	24%	24%	83%	7%	29
Starf											
Aðalstarf	27%	32%	41%	23%	36%	18%	18%	18%	86%	5%	22
Aukastarf	36%	26%	24%	26%	19%	29%	21%	19%	79%	7%	42

VINNUTÍMI ÖKUKENNARA


Meðalvinnutími á viku, hjá þeim 141 ökokennara sem svaraði spurningu um vinnutíma, var 17,8 klst. Kennarar sögðust vinna á bilinu 1 til 50 klst. á viku. Ökokennarar í aðalstarfi vinna um 28 klst. að meðaltali á viku við kennslu, undirbúning eða frágang en kennarar í ökokennslu sem aukastarfi tæpar 13 klst. á viku. Þegar vinnutími er skoðaður eftir aldri kemur í ljós að kennarar í yngsta hópnum, 30-49 ára, vinna að meðaltali flestar stundir á viku, eða 20 klst. á viku, á meðan ökokennarar á aldrinum 50-67 ára vinna 16,5 klst. á viku og ökokennarar sem eru eldri en 67 ára vinna 18 klst. að meðaltali á viku (sjá töflu 15).

Tafla 15. Hversu margar klukkustundir vinnur þú á viku að jafnaði við kennslu, undirbúning og frágang? (n=141)?

	Fjöldi svarenda	Meðalfjöldi stunda á viku	Staðal- frávik	Min	Max
Alls	141	17,8	12,0	1	50
Aldur					
30-49 ára	40	20,3	14,9	1	50
50-67 ára	82	16,5	10,2	1	50
68 ára og eldri	19	18,1	12,4	4	50
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	72	19,1	12,3	1	50
Landsbyggð	69	16,4	11,7	1	50
Starf					
Aðalstarf	44	28,2	13,6	2	50
Aukastarf	94	12,9	7,3	1	30


Rúmlega helmingur ökukennara var sáttur með vinnutímann og vildi hvorki vinna fleiri né færri stundir á viku. Þegar vinnutími þessa hóps var skoðaður kom í ljós að þeir vinna 34 klst. að meðaltali á viku. Um 36% ökukennara myndu vilja vinna fleiri stundir á viku og 11% færri stundir á viku (sjá töflu 16).

Tafla 16. Myndir þú vilja vinna fleiri eða færri klst. á viku við ökukennslu? (n=132)



Eins og sést í töflu 17 þá eru hlutfallslega fleiri á aldrinum 30-49 ára (42%) sem myndu vilja vinna fleiri stundir á viku heldur en 50 ára og eldri (33-35%). Einnig eru hlutfallslega fleiri í aðalstarfi (42%) sem myndu vilja vinna fleiri stundir á viku heldur en ökukennarar í aukastarfi (33%).

Tafla 17. Myndir þú vilja vinna fleiri eða færri klst. á viku við ökukennslu? Greint eftir aldri, búsetu og starfi. (n=132)



Þegar ökukennarar sem vilja vinna fleiri stundir á viku voru spurðir hversu margar stundir þeir myndu vilja vinna á viku kom í ljós að þeir vildu vinna um 29 klst. að meðaltali á viku. Dreifingin var hins vegar mikil og vildu kennarar vinna allt frá 6 til 60 klst. á viku. Yngsti hópurinn vildu vinna um 34 stundir að meðaltali og kennarar í ökukennslu sem aðalstarfi vildu vinna um 33 stundir að meðaltali á viku samanborið við 26 klst. á viku hjá kennurum í aukastarfi (sjá töflu 18).

Ökukennarar sem vilja vinna fleiri stundir á viku vilja auka vinnu sína um 14 klst. á viku að meðaltali eða allt frá 1 til 45 klst. á viku. Kennarar sem vilja auka við sig vinnu eru nú að vinna frá 1-40 klst. á viku eða 15 klst. að meðaltali.

Tafla 18. Óskafjöldi vinnustunda, að meðaltali, hjá ökukennurum sem vilja vinna fleiri klst. á viku. (n=44)

	Fjöldi svarenda	Meðalfjöldi stunda á viku	Staðalfrávik	Min	Max
Vinna fleiri klst á viku	44	29,3	13,7	6	60
Aldur					
30-49 ára	13	33,7	11,4	10	50
50-67 ára	25	27,4	13,7	6	50
68 ára og eldri	6	27,2	18,2	8	60
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	25	31,9	14,2	10	60
Landsbyggð	19	25,8	12,6	6	44
Starf					
Aðalstarf	18	33,0	13,3	9	60
Aukastarf	25	25,7	13,1	6	50

Þeir 10 ökukennarar sem vilja vinna færri klst. á viku sögðust vilja vinna 23 klst. að meðaltali, allt frá 10 til 40 klst. á viku. Kennarar í aðalstarfi vilja vinna 40 klst. á viku en kennarar í aukastarfi vilja vinna 12 stundir að meðaltali á viku. Ekki var munur eftir búsetu (sjá töflu 19).

Ökukennarar sem vilja vinna færri stundir á viku vilja draga úr vinnu sinni um 9 klst. á viku að meðaltali eða frá 5 til 15 stundum á viku. Kennarar sem vilja minnka við sig vinnu eru að vinna frá 20-50 klst. á viku eða 33 klst. að meðaltali.

Tafla 19. Óskafjöldi vinnustunda, að meðaltali, hjá ökukennurum sem vilja vinna færri stundir á viku* (n=10)


	Fjöldi svarenda	Meðalfjöldi stunda á viku	Staðalfrávik	Min	Max
Vinna færri klst á viku	10	23,2	14,6	10	40
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	6	21,7	14,4	10	40
Landsbyggð	4	25,5	16,8	10	40
Starf					
Aðalstarf	4	40,0	0,0	40	40
Aukastarf	6	12,0	2,4	10	15

* Of fáir til þess að hægt sé að greina eftir aldri


NÝIR ÖKUKENningarAR

Ökukennarar voru spurðir hvaða ár þeir hefðu útskrifast og eins og sést í töflu 20 þá eru útskriftarhópar frá 1994 nokkuð jafnir eða 15 til 19 kennarar í hverjum hópi (af þeim sem svöruðu). Um 80% ökukennara sögðust hafa starfað samfelld frá því þeir luku námi.

Tafla 20. Hlutfall ökukennara eftir útskriftarári. (n=151)



Eins og sjá má á mynd 7 fer hlutfall ökukennara í aukastarfi hækkandi í nýrri útskriftarárgöngum. Rúmlega þriðjungur kennara sem útskrifaðist árið 1998 eða fyrir er í aðalstarfi en aðeins um 20% kennara sem útskrifuðust árin 1994 og 1996. Meira en 40% kennara sem útskrifuðust árið 1998 eru í aðalstarfi en svo fer hlutfallið lækkandi hjá næstu útskriftarárgöngum og aðeins 11% kennara sem útskrifuðust árið 2009 stunda ökukennslu í aðalstarfi.



Mynd 7. Hlutfall ökukennara sem útskrifast ár hvert eftir því hvort þeir stunda ökukennslu í aðal- eða aukastarfi (n=151)

VIÐHORF TIL ÖKUKENNSLU Á ÍSLANDI

Kennarar voru spurðir hvort þeir teldu ökukennslu almennt vera góða eða lélega á Íslandi. Mikill meirihluti kennara, eða 84% þeirra, töldu kennsluna vera mjög eða frekar góða en aðeins 4% kennarar töldu kennsluna vera lélega (sjá töflu 21). Mikill meirihluti (90%) kennara á aldrinum 50-67 ára töldu kennsluna vera góða en hið sama átti við um 75% kennara á aldrinum 30-49 ára. Um 9% ökukennara á aldrinum 68 og eldri telja kennsluna vera lélega en aðeins 5% kennara á aldrinum 50-67 ára og enginn á aldrinum 30-49 ára. Ekki var munur eftir búsetu eða hvort kennarar stunduðu ökukennslu í aðal- eða aukastarfi (sjá töflu 22).

Tafla 21. Telur þú að ökukennsla á Íslandi sé almennt góð eða léleg? (n=154)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög/frekar góð	130	84%	84,4
Hvorki góð né léleg	18	12%	11,7
Mjög/frekar léleg	6	4%	3,9
Fjöldi svara	154	100%	
Veit ekki/Vil ekki svара	5		
Alls	159		

Tafla 22. Telur þú að ökukennsla á Íslandi sé almennt góð eða léleg? Greint eftir aldri, búsetu og starfi. (n=154)

	Mjög/frekar góð	Hvorki góð né lélega	Mjög/frekar léleg	Fjöldi	Mjög/frekar góð
Alls	84%	12%	4%	154	84%
Aldur					
30-49 ára	75%	25%	0%	44	75%
50-67 ára	90%	6%	5%	88	90%
68 ára og eldri	82%	9%	9%	22	82%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	88%	8%	4%	78	88%
Landsbyggð	80%	16%	4%	76	80%
Starf					
Aðalstarf	88%	8%	4%	48	88%
Aukastarf	83%	14%	4%	103	83%

Þegar kennarar voru spurðir að því hvort þeir teldu að gæði ökukennslu væru að öllu jöfnu meiri eða minni ef ökukennari sinnir mörgum nemendum á ári heldur en fáum nemendum á ári voru 37% sem töldu að gæði væru meiri ef ökukennari sinnir mörgum nemendum á ári heldur en fáum (sjá töflu 23). Talsverður munur var á svörum eftir því hvort kennarar sinntu ökukennslu í aðal- eða aukastarfi en 56% kennara sem sinna ökukennslu í aðalstarfi töldu að gæði kennslunnar yrðu að öllu jöfnu meiri ef ökukennari sinnir mörgum nemendum heldur en fáum samanborið við 28% kennara sem sinna ökukennslu í aukastarfi (sjá töflu 24).

Tafla 23. Telur þú að gæði ökokennslu séu að öllu jöfnu meiri eða minni ef ökokennari sinnir mörgum nemendum á ári heldur en fáum nemendum á ári? (n=144)

	Fjöldi	Hlutfall	
Mun/heldur meiri	53	37%	
Mun/heldur minni	64	44%	
Mun/heldur minni	27	19%	
Fjöldi svara	144	100%	
Veit ekki/Vil ekki sv ara	15		
Alls	159		

Tafla 24. Telur þú að gæði ökokennslu séu að öllu jöfnu meiri eða minni ef ökokennari sinnir mörgum nemendum á ári heldur en fáum nemendum á ári? Greint eftir aldri, búsetu og starfi. (n=144)

	Hvorki meiri né			Fjöldi	Mun/heldur meiri
	Mun/heldur meiri	minni	Mun/heldur minni		
Alls	37%	44%	19%	144	37%
Aldur					
30-49 ára	38%	48%	15%	40	38%
50-67 ára	39%	42%	19%	84	39%
68 ára og eldri	25%	50%	25%	20	25%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	43%	39%	19%	75	43%
Landsbygð	30%	51%	19%	69	30%
Starf					
Aðalstarf	56%	29%	16%	45	56%
Aukastarf	28%	52%	21%	97	28%

ÖKUKENNAFÉLAG ÍSLANDS

Mikill meirihluti ökukennara sagðist vera í Ökukennarafélagi Íslands eða 88% þeirra (sjá töflu 25). Eins og sést á töflu 26 eru hlutfallslega fleiri í eldri aldursflokkinum en þeim yngri í félaginu og fleiri ökukennarar á höfuðborgarsvæðinu heldur en úti á landi. Allir ökukennarar sem stunda ökukennslu sem aðalstarf sögðust vera í ökukennarafélaginu samanborið við 83% kennara í aukastarfi.

Tafla 25. Ert þú í Ökukennarafélagi Íslands?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	137	88%
Nei	18	12%
Fjöldi svara	155	100%
Vil ekki svara	4	
Alls	159	

Tafla 26. Ert þú í Ökukennarafélagi Íslands? greint eftir aldri, búsetu og starfi

	Já	Nei	Fjöldi	Já
Alls	88%	12%	155	88%
Aldur				
30-49 ára	84%	16%	43	84%
50-67 ára	88%	12%	90	88%
68 ára og eldri	100%	0%	22	100%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	91%	9%	80	91%
Landsbyggð	85%	15%	75	85%
Starf				
Aðalstarf	100%	0%	47	100%
Aukastarf	83%	17%	105	83%

AÐRAR ATHUGASEMDIR

Í lok könnunarinnar var svarendum gefinn kostur á að koma fram með aðrar athugasemdir og um 25% þeirra nýtti sér það. Í töflu 27 hafa athugasemdir verið flokkaðar niður eftir efnisinnihaldi þeirra og þar má sjá hversu margir voru með athugasemdir um ákveðin efni og eins nokkur dæmi um athugasemdir í hverjum flokk. Sumir ökukennarar komu með athugasemdir um fleira en eitt efni og var þeim athugasemdum skipt upp í fleiri en einn efnisflokk.

Tíu athugasemdir komu fram um fjölda í stéttinni, þ.e. að ökukennsla þyrfti að vera kennd í aðalstarfi og að offjölgun væri í stéttinni. Það komu 14 athugasemdir um fyrirkomulag ökukennslunnar og átta um gæði kennslunnar.


Tafla 27. Aðrar athugasemdir

	Fjöldi athugasemda	Dæmi um athugasemdir
Fjöldi öðkennara	10	
Öðkennsla ætti að vera stunduð sem aðalstarf	3	I sjálfu sér er rétt að geta þess að öðkennslu á ekki að kenna með og eða til hliðar við önnur launuð störf. - Eg tel að það sé mjög mikið atriði að öðkennslu á Íslandi sé haldið í þeim farvegi að kennarar geti haft hana að aðalstarfi. Það er mjög slæm þróun ef það á að koma málum þannig fyrir að hún verði að öllu leiti unnin sem aukastarf. - Vandamálið hjá okkur er að það er alls ómöglegt að stunda þetta sem aðalstarf þar sem offramboð er á kennurum. Fyrir um áratug hugleiddi ég að leggja þetta fyrir mig sem mitt aðalstarf en síðan þá hefur kennurum fjölgað um 100% á mínu svæði.
Öffjögun öðkennara	6	Öðkennarar eru of margir í dag(starfandi) - Passa að fjölga ekki öðkennurum of mikið í einu. - Ég tel mig sjá að einstaka öðkennarar séu að lækka verð sín úr öllu hófi í von um að fá viðskipti. - Ég tel að öðkennarar á Íslandi séu alltof margir. Hver og einn gæti með góðu móti sinnt fleiri nemendum. Það væri afar slæmt ef fjölgað yrði í stéttinni, sem gæti að mínum áliti leitt til þess að enginn myndi geta lífað af öðkennslu sem aðalstarfi. Þá er viðbúið að gæði kennslunnar myndi hraka. Ég tel að öðkennarar ættu að missa réttindi sín ef þeir skila ekki frá sér a.m.k. einum nemanda á mánuði að meðaltali á tvöjja ára tímabili og sækji ekki endurmenntunarnámskeið eins og tilskilið er.
Nemendafjöldi	1	Ég gæti bætt við mig nemum, því það er kostnaðarsamt að reka kennslubíreið.
Fyrirkomulag öðkennslu	14	
Öðkennarar eiga að vera sjálfstætt starfandi	1	Mjög áriðandi er að öðkennarar séu áfram sjálfstætt starfandi sem sparar mikinn tíma og fyrirhöfn fyrir alla aðila og hjálpar til að halda kostnaði niðri fyrir nemendur.
Ö3	2	Mér finnst Ö3 óþarfi. Öðkennarar ættu bara að bæta aðeins við sig. Hleypir bara upp kostnaði nemenda,og skilar ekki nægu miklu í staðin. - Töluvert mál fyrir nema úti á landi að koma sér í Ö3
Bókleg kennsla ætti að vera í öðkuskóla	1	Færa skal alla kennslu, bóklega og verklega, formlega undir öðkuskóla, þ.e. að allir öðkennarar verði starfsmenn (geta og verði eigendur) öðkuskóla. Öðkuskólar haldi þar með utanum alla öðkennslu.
Bókleg kennsla ætti að vera í menntaskóla/grunnskóla	2	Tel fræðilegahluta öðkennslu eiga að vera kenndan í 10 bekk grunnskóla. - Námið mætti vera metið sem eining í Framhaldsskóla og nemum leyft að fara öðruhvorum í öðutíma á skólatíma og eins í próf án þess að fá fjarvistir,annað nám og námskeið eru oft metin til eininga, afhverju ekki þetta?? Eins að það væru kennarar sjálfir sem gætu metið hvenær nemi er orðin hæfur til að fá próf og gæti skrifað upp á það sjálfur þ.e meira símat hjá kennara en ekki próf. Kennari veit miklu betur en prófdómari hvort viðkomandi er orðin nógu fær öðkumaður (kennari buin að stíja með nemanum í bil marga tíma en prófdómari aðeins í 30-40 mín og neminn þá oflast mjög stressaður.
Bókleg kennsla ætti ekki að vera í menntaskóla	1	Passa að missa alls ekki bóklega hlutann inn í menntaskólana
Fyrirkomulag náms, breytingar	6	Kennslustundum með öðkennara ætti að fjölga og fækka kennslustundum í öðkugerði. - Koma þarf á breytingum vegna netskóla ef að þeir eiga ekki að yfirtaka allt bóklegt nám. - Leggja þarf mikla áherslu á vísitakstur, þ.e. gera nemendum grein fyrir mikilvægi aksturslags varðandi öryggi, umhverfið og þyngju bifreiðaæigandans. - Breyta einkunnargjöf fyrir skrifleg próf. - Það þarf að samræma betur kennslu öðkennara. Með samræmingu á ég t.d. við þætti eins og "hvemig keyrum við um hringtorg"? hvenær notum við stefnuljós og hvenær ekki? Sumir kenna nemendum að nota stefnuljós þegar þeir bakka, aðrir ekki, hvort er réttara? Hvemig er "best" að kenna nemendum að bakka í staði "samsíða akbraut"? Þetta eru nú bara það sem ég man svona í augnablikinu, eflaust eitthvað fleira til sem þyrfti að samræma. Að mínu mati (og margra annarra) vantaði líka upp á þetta í öðkennaranáminu sjálfu. Ég væri alveg til í að vinna í teymisvinnu með öðrum öðkennurum við þetta mál. Þ.e.a.s. með fólki sem vill framfarir. - Væri gott að fá útlitun atriða sem nemendur ná ekki tilskyldum árangri í þegar próf er tekið. Gott ef það væri listað upp undir hvem öðkennama (á vef frumherja) þannig að öðkennarar sjái hvort þeir færu úrskæiðis hvort sé hægt að bæta, hjá þeim próftökum sem eru þeirra skjólstæðingar.
Landsbyggð	1	Að ekki gleymist að taka tillit til ýmissa aðstæðna landsbyggðarinnar og ekki einblína um of á þéttbýlissvæðin á suðvesturhorninu og ekki láta Evrópureglugerðir verða allsráðandi þar sem þær eiga oft ekki við íslenskar aðstæður varðandi fámenni og viðfæðmi byggðar í landinu. Jafnframt að þess verði gætt að nemendur fái bestu kennslu sem hægt er eftir aðstæðum á hverjum stað.

	Fjöldi athugasemda	Dæmi um athugasemdir
Gæði öðukennslu	8	
Mikil gæði í dag	4	Stöðug framför í öðukennslu. - Tel að öðukennsla hafi aldrei verið betri hvorki fyrr né síðar, heldur en hún er í dag - Þetta er allt í góðum málum. - Ég tel fyrirkomulag á öðukennslu eins og það er nú mjög gott og kennslan ætti að geta verið mjög góð.
Gæði kennslu velta á metnaði kennara	1	Gæði öðukennslu velta mest á metnaði kennara en ekki fjölda nemenda.
Meiri gæði ef öðkennari vinnur að öðukennslu í aðalstarf	1	Um gæði öðukennslu eftir því í hvort nemendur eru margir eða fáir fer væntanlega að einhverju leiti eftir því í hvort kennslan er aðal- eða aukastarf. Einstaklingur sem kemur að kennslu að lokinni fullri vinnu við annað (eins og flestir öðukennarar gera) er tæpast líklegur til að auka hæfni sína við fjölgun nemenda. Sá sem starfar eingöngu við kennslu er trúlega í vænlegri stöðu til að bæta sig þar sem hjá honum er færra sem glepur.
Minni gæði vegna tilkomu Öðuksskóla	2	Því miður hefur öðukennslu á Íslandi farið aftur sérstaklega vegna tilkomu öðuksskóla sem kenna eingöngu bóklegt nám á netinu. Það skortir metnað hjá öðukennurum til að vinna starf sitt af kostgæfni. Græðgi gengur framur gæðum. - Það þarf að taka öðuksskólana á öllu landinu í gegn, fylgjast betur með kennslu og kennslugögnum.
Aðrar athugasemdir	7	
Samkeppni	3	Ég tel að það sé orðið til umhugsunar hvort öðukennarar bjóða orðið niður kennslu vegna samkeppni um nemendur sem getur leitt til lélegri kennslu. - undirboð og vitleysa - samkeppni um að skaffa sem ódýrast öðunám í stað gæða.
Samstaða í stéttinni	3	Vantar meiri samstöðu okkar á milli og eins að vinna saman að vissum verkefnum en ekki hver úti sínu horni.... - Gera þessa starfstétt samrýmdari.
Tengsl við Umferðastofu	1	Það mætti skerpa á tengslum öðukennara og hjá þeim á umferðastofu sem eru í tengslum við öðukennara.
Endurmenntun	1	Endurmenntun ætti að vera samkvæmt menntun hvers og eins það er fáránlegt að skikka fólk á námskeið í kennslustofu ef viðkomandi er með meiri menntun en sá sem er að kenna á námskeiðinu?
Eftirlaunaaldur	1	Öðukennarar ættu ekki að starfa við kennslu eftir 67 ára aldur.

ÞÖRF FYRIR ÖKUKENNARA

Eins og sést á mynd 8 hefur fjöldi staðinna bifreiðaprófa verið á bilinu 4.214 til 5.763 á árunum 1998 til 2012. Samkvæmt spá um fjölda bifreiðaprófa á mynd 8 verða staðin próf á svipuðu bili á árunum 2013 til 2029 eða um 4.900 próf að meðaltali¹.



Mynd 8. Staðin bifreiðapróf á árunum 1998 til 2012 og spá um staðin bifreiðapróf á árunum 2013 til 2029.


Á mynd 9 má sjá fjölda ökukennara á árunum 2004-2012 og einnig hver fjöldi ökukennara hefði þurft að vera til að ökukennarar gætu tekið að sér 25, 30, 34 eða 40 nema á ári (daufu línurnar fjórar á myndinni). Þessi viðmið um fjölda kennara eru fengin út frá fjölda staðinna prófa á ári hverju.

Á árunum 2004 til 2012 voru ökukennarar á bilinu 185 til 214 og skiluðu af sér á bilinu 23 til 30 nemum á árin. Eins og sést á mynd 8 hafa ökukennarar verið að skila af sér 25 til 30 nemum á þessum árum.

¹ Til grundvallar spánni á mynd 8 eru notaðar tölur um fjölda barna og ungmenna á aldrinum 0-17 ára á Íslandi árið 2012 (verða 17 ára árin 2013 – 2029), 17 ára ungmenni á Íslandi árin 1995-2012 og hins vegar fjölda staðinna bílprófa árin 1998-2012. Á tímabilinu 1998-2012 er breytilegt hversu stórt hlutfall af 17 ára ungmennum taka bílpróf á hverjum tíma eða allt frá 1,03 til 1,25. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi frá 2007 til 2011 en svo aftur lækkandi til 2012. Meðaltalið er 1,11 og er miðað við það í spánni hér að ofan.


Á árunum 2004 til 2012 hefði kennarafjöldi þurft að vera á bilinu 140-190 ef kennarar hefðu átt að taka að sér 30 nema á ári. Ef miðað er við 34 nema á ári hefði fjöldi þeirra þurft að vera á bilinu 125-170 á þessum árum, og ef miðað er við 40 nema ári hefðu þeir þurft að vera um 105-145.

Könnunin hér að framan sýnir hins vegar að það er mjög mismunandi hversu marga nema kennarar taka að sér á ári, sumir ökukennarar skila aðeins af sér tveimur til fimm nemum á ári og sumir skila allt upp í 100 nemum. Einnig kom fram að það er mjög misjafnt hversu marga nema kennarar vilja taka að sér á ári.



Mynd 9. Fjöldi ökukennara eftir því hversu marga nemendur þeir taka að sér á ári

Meðalaldur ökukennara er frekar hár eða um 56 ár. Yngsti starfandi ökukennarinn er 30 ára og sá elsti er 74 ára. Eins og sést á mynd 10 eru 13% ökukennara 70 ára og eldri eða komnir á eftirlaunaaldur eða alls 17 ökukennarar. Á næstu 10 árum munu rúmlega 40% starfandi ökukennara komast á eftirlaunaaldur.




Mynd 10. Hlutfall ökukennara eftir aldri árið 2012

Árið 2012 voru 202 starfandi ökokennarar á Íslandi samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu. Meðalfjöldi nemenda á kennara var 24 nemendur á hvern kennara árið 2012. Í könnuninni var þetta hlutfall hærra eða 31 nemi á kennara að meðaltali og gæti ástæðan fyrir þessu mismæmi verið sú að kennarar sem eru í lágu starfshlutfalli eða taka að sér fáa nemendur hafi síður svarað. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vilja ökokennarar að jafnaði kenna meira, rúmlega þriðjungur kennara vill kenna meira, um 10% kennara minna og rúmlega helmingur er sáttur með vinnutímann. Þegar vegið meðaltal er reiknað út frá vinnutímafjölda sem kennarar myndu vilja vinna kemur í ljós að kennarar myndu vilja vinna 10-15% fleiri klukkustundir á viku að meðaltali. Sé það heimfært yfir á fjölda nemenda ári þá myndu kennarar vilja skila af sér 34 nemendum að meðaltali á ári (í stað 31 samkvæmt könnuninni).

Á mynd 11 má sjá hversu margir ökokennarar eru á aldrinum 70 ára og yngri á árunum 2013 til 2029 miðað við núverandi aldursamsetningu hópsins og að engin endurnýjun yrði í stéttinni. Línur í bakgrunni myndarinnar sýna hversu marga ökokennara þarf til að skila af sér 25, 30, 34 og 40 nemum á ári (hér er ekki gert ráð fyrir að kennarar hætti af öðrum orsökum en vegna aldurs)².

Á mynd 11 sést að árið 2019 verða kennarar yngri en 70 ára um 160 ef ekki verður endurnýjun og árið 2022 eru þeir komnir niður í um 140. Eins og staðan er í dag eru frekar margir kennarar miðað við nemendafjölda og því þarf ekki mikla endurnýjun á næstu 5 árum. Hinsvegar eru yfir 40% kennara 60 ára og eldri og því fækkar kennurum hratt á næstu 10 árum ef miðað er við að kennarar hætti um sjötugt, árið 2023 verða kennarar yngri en 70 ára um 130. Til þess að hafa kennarafjölda um 160 á næstu 10 árum þyrftu um 27 nýir kennarar að bætast í hópinn á því tímabili eða um þrjár á ári. Ef miðað er við að kennarar taki að sér 34 nemendur á ári þyrfti kennarafjöldinn að vera á bilinu 130 til 150 næstu 10 árin og þyrftu þá um 7 til 17 kennarar að bætast í hópinn á þessu tímabili.




Mynd 11. Fjöldi ökokennara á aldrinum 70 ára eða yngri á árunum 2013 -2029 miðað við hversu nemendur þeir taka að sér á ári

² Til grundvallar spánni á mynd 11 eru notuð spá um bílprófsfjölda á árunum 2012-2029 (sjá mynd 8) og fjöldi og aldursamsetning ökokennara árið 2013.

Nýir ökokennarar hafa útskrifast reglulega frá 1994. Á mynd 12 má sjá fjölda nemenda á hvern kennara eftir útskriftarári og svo virðist sem að árgangurinn sem útskrifaðist 2009 hafi ekki náð mikilli fótfestu enda fjölgaði kennurum um 17 á milli áruna 2009 og 2010. Kennarar sem útskrifuðust 2009 voru með um 6 nemendur á hvern kennara árið 2010 og árin 2011 og 2012 voru þeir með um 14 nemendur á kennara. Kennarar hins vegar sem útskrifuðust árið 2006 voru með um 14 nemendur á hvern kennara árið 2007, um 32 nemendur árið 2008 og 46 nemendur árið 2009. Árgangurinn sem útskrifaðist 1998 var einnig með frekar marga nemendur á hvern kennara þessi ár, 38 til 42 nemendur.

Árin 2011 og 2012 virðist nemendum hafa fækkað hjá öllum árgöngum enda voru færri bílpróf tekin þessi tvö ár heldur en árin á undan.



Mynd 12. Fjöldi nemenda á hvern kennara á árunum 2004 til 2012 eftir útskriftarárgangi.

SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND

Tölur um fjölda staðinna prófa og fjölda kennara frá árinu 2011 voru fengnar frá Umferðarstofu á Íslandi, Autoriserte Trafikkskolers Landsforbund í Noregi, Sveriges Trafikskolors Riksförbund, og Department for Transport í Bretlandi og Írlandi. Á Íslandi eru 67 kennarar á hverja 100 þúsund íbúa en það eru talsvert fleiri kennarar en í Svíþjóð og Noregi. Í Svíþjóð er 31 kennari á hverja 100 þúsund íbúa og í Noregi eru kennarar 35. Í Bretlandi eru hins vegar enn fleiri ökukennarar á hvern íbúa eða 74 ökukennarar á 100 þúsund íbúa (sjá töflu 28).

Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu tóku kennarar á Íslandi að sér um 26 nemendur að meðaltali árið 2011 sem eru aðeins færri nemendur en tölur frá Írlandi segja til um. Í Svíþjóð tóku kennarar að sér mun fleiri nemendur eða 41 nemanda að meðaltali á ári og í Noregi 51 nemanda. Í Bretlandi tók hver kennari færri nemendur að sér á ári eða aðeins 16 nemendur á ári að meðaltali (sjá töflu 28).

Þegar tölur um fjölda staðinna prófa á íbúa eru skoðaðar kemur í ljós að á Íslandi eru 1.730 próf á hverja 100 þúsund íbúa sem er sambærilegt við Noreg. Í Svíþjóð, Írlandi og Bretlandi voru talsvert færri próf á íbúa. Þetta skýrist meðal annars af því hve stór hluti þjóðarinnar tekur almennt bílpróf á Íslandi (sjá töflu 28).

Tafla 28. Samanburður á fjölda ökukennara og fjölda bílprófa eftir löndum árið 2011

	Ísland	Noregur	Sv íþjóð	Írland	Bretland
Fjöldi staðinna prófa	5.508	85.871	119.053	55.305	737.900
Íbúafjöldi	318.452	4.858.200	9.482.855	4.658.825	63.182.000
Fjöldi ökukennara	214	1.700	2.889	1.971	46.569
Fjöldi bílprófa (B) á kennara	26,0	50,5	41,2	28,1	15,8
Fjöldi kennara á 100 þús íbúa	67	35	31	42	74
Fjöldi bílprófa á 100 þús íbúa	1.730	1.768	1.256	1.187	1.168